

## Málshættir og orðatiltæki

### Hestar

Að gefa einhverjum/einhverju lausan tauminn  
Að heltast úr lestinni  
Að reka lestina  
Að skipta um hest í miðri á  
hestaheilsa  
Svo er hestur sem hann er til hafður.  
Að slá í klárinn

### Sauðfé

Að gera sér eitthvað að féþúfu  
Að vera ekkert lamb að leika sér við  
Að skilja/greina sauðina frá höfrunum  
Að draga í dilka  
Að færa út kvíarnar  
Að draga dilk á eftir sér  
Það hefur farið fé betra.  
Ekki á sauðurinn samrekstur við selinn.  
Hver sauður er svartur í myrkri.  
Margur er úlfur í sauðagæru.  
Misjafn er sauður í mörgu fé.  
Fé er jafnan fóstur líkt.  
Að hafa allt á hornum sér  
Sami sauðasvipurinn  
Að vera sauðþrár  
Að koma sem skrattinn úr sauðarleggnum  
Eins og rekinn upp í hrútshorn  
Að launa þér lambið gráa  
Að vera eitthvað kindarlegur  
Af sama sauðahúsi  
hrútleiðinlegur  
sauðgæfur  
sauðmeinlaus  
ærlegur  
Að vera svarti sauðurinn  
ljúfur sem lamb  
Ekki er rúin rollan þótt í réttina sé komin.  
Ekki er séð kind heim komin.  
Að vera eins og úlfur undir sauðargæru.

### Kýr

Að leika lausum hala  
Að vera/hamast eins og naut í flagi  
Að hafa allt á hornum sér  
Margt er skrítið í kýrhausnum.  
nautsterkur  
eins og belja á svelli  
Ef ein belja mígur er annarri mál.

**Geitur**

Að skilja/greina sauðina frá höfrunum  
Ekki fara í geitarhús að leita ullar.

**Hænsni**

Eggið ætlar að fara að kenna hænunni

**Heyskapur**

Flest er hey í harðindum.  
Að binda ekki bagga sína sömu hnútum og aðrir  
Ríður baggamuninn  
Eitthvað er einhverjum þungur baggi

**Búskapur almennt/afurðir**

Að vera á næstu grösum  
Að brjóta/kryfja eitthvað til mergjar  
Eitthvað er mergur málsins  
Áfram með smjörið  
Það drýpur smjör af hverju strái.  
Að vera/lenda utangarðs  
Það munar ekki um einn kepp í sláturtíð.  
Að teygja lopann  
Að missa þráðinn  
Að hanga á bláþræði  
Að lyppast niður